



# Almennir skilmálar innlánsreikninga

Gildistaka 30. janúar 2019

## Efnisyfirlit

1. Upplýsingar um þjónustuveitanda og ábyrgðaraðila persónuupplýsinga.....	2
2. Um skilmálana, gildistöku og breytingar .....	2
3. Upphaf viðskipta.....	2
4. Meðferð öryggisupplýsinga og öryggisráðstafanir .....	2
5. Umboð.....	3
6. Greiðslur .....	3
7. Reikningsyfirlit .....	4
8. Vextir .....	4
9. Verðskrá (gjaldtaka bankans).....	5
10. Binditími .....	5
11. Innlánsreikningar einstaklinga undir 18 ára aldri .....	6
12. Yfirdráttarheimild .....	6
13. Debetkort.....	6
14. Skuldajöfnuður.....	6
15. Uppsögn og lokun innlánsreikninga.....	7
16. Fjarsala á innlánsreikningum .....	7
17. Úrlausn ágreiningsmála.....	7

## 1. Upplýsingar um þjónustuveitanda og ábyrgðaraðila persónuupplýsinga

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, sími 440 4000, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is), er fjármálafyrirtæki samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Íslandsbanki hefur starfsleyfi frá fjármálaeftirlitinu og lýtur jafnframt eftirliti þess. Afgreiðsla og þjónustuver bankans eru opin virka daga á auglýstum opnunartíma.

## 2. Um skilmálana, gildistöku og breytingar

Almennir skilmálar innlánsreikninga gilda um alla innlánsreikninga sem stofnaðir eru hjá Íslandsbanka hf. Með innlánsreikningum er átt við debetrekninga, sparnaðarreikninga og gjaldeyrisreikninga. Skilmálarnir hafa að geyma stöðluð ákvæði um réttindi og skyldur Íslandsbanka og eigenda innlánsreikninga. Skilmálarnir gilda um nýja innlánsreikninga hjá Íslandsbanka frá og með 30. janúar 2019. Hvað varðar innlánsreikninga sem stofnaðir voru fyrir gildistöku skilmálanna taka önnur ákvæði skilmálanna en þau sem eru til hagsbóta fyrir viðskiptavinum eða falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 þó ekki gildi fyrir en þann 30. mars 2019. Ákvæði skilmálanna sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu teljast vera rammásamningur um greiðsluþjónustu í skilningi þeirra laga. Skilmálarnir fela í sér breytingar frá eldri skilmálum sem fela í sér ákvæði um rammásamning. Í samræmi við ákvæði laga um greiðsluþjónustu hefur núverandi viðskiptavinur rétt á að tilkynna bankanum um uppsögn rammásamnings fyrir 30. mars 2019 ef hann samþykkir ekki breytingarnar. Núverandi viðskiptavinur telst hafa samþykkt breytingarnar tilkynni hann bankanum ekki um annað fyrir þann tíma.

Í ákveðnum tilvikum gilda auk þess sérstakir skilmálar um viðskipti milli aðila. Komi upp ósamræmi milli skilmála þessara og sérstakra skilmála skulu ákvæði þeirra síðarnefndu gilda eða vera þeim til fyllingar, svo sem varðandi heimildir til breytinga á vöxtum, binditíma og uppsagnar. Viðskiptavinir bankans skulu kynna sér þær reglur og/eða þá skilmála sem gilda um viðkomandi viðskipti.

Almennir viðskiptaskilmálar Íslandsbanka gilda einnig um viðskipti milli bankans og viðskiptavina hans og eru þessum skilmálum til fyllingar. Þá gilda jafnframt skilmálar debetkorta, netbankaskilmálar og skilmálar Íslandsbankaappsins til viðbótar skilmálum þessum. Skilmálar debetkorta, netbankaskilmálar og skilmálar Íslandsbankaappsins ganga framar komi upp ósamræmi.

Íslandsbanka er heimilt að gera breytingar á skilmálum þessum hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir viðskiptavinum eða varða atriði sem falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011. Að öðrum kosti taka breytingar gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Viðskiptavinur telst hafa samþykkt breytingarnar geri hann ekki athugasemdir innan þess tíma. Uppfærðir skilmálar eru birtir á vef bankans [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is).

## 3. Upphaf viðskipta

Við upphaf viðskipta, þar á meðal við stofnun innlánsreiknings, er viðskiptavinum skylt að sanna á sér deili með framvísun fullgildra og viðurkenndra persónuskilríkja (rafrænum skilríkjum, vegabréfi, ökuskirteini eða nafnskirteini). Íslandsbanka ber einnig skylda til að kanna áreiðanleika viðskiptavina sinna skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sjá nánari umfjöllun í kafla 8 almennra viðskiptaskilmála bankans.

Við fyrstu viðskipti viðskiptavinar við Íslandsbanka eftir gildistöku skilmálanna telst viðskiptavinur hafa samþykkt skilmála þessa sem reikningseigandi og aðra skilmála sem tilheyra viðkomandi viðskiptum.

Bankanum er heimilt að hafna umsókn um stofnun innlánsreiknings, nema lög kveði á um annað. Bankanum ber almennt ekki skylda til að rökstyðja ákvörðun sína um synjun nema að lög mæli svo fyrir. Fallist viðskiptavinur ekki á rökstuðning bankans getur hann beint kvörtun til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sjá nánar í kafla 21 almennra viðskiptaskilmála bankans.

## 4. Meðferð öryggisupplýsinga og öryggisráðstafanir

Í viðskiptum með innlánsreikninga notar viðskiptavinur persónubundna öryggisþætti til auðkenningar og til staðfestingar á greiðslum og öðrum viðskiptum í samræmi við öryggiskröfur Íslandsbanka á hverjum tíma. Með persónubundnum öryggisþáttum er átt við hvers konar auðkenningu sem bundin er við viðkomandi viðskiptavin eingöngu og hann einn getur notað til að sanna á sér deili, svo sem rafræn skilríki eða notandanafn, lykilorð og fjögurra tölustafa öryggisnúmer sem viðskiptavinur hefur þegar fengið úthlutað eða fær úthlutað. Öryggisnúmerið getur viðskiptavinur jafnframt notað til staðfestingar á millifærslum og til auðkenningar í þjónustuveri Íslandsbanka. Viðskiptavinur getur ávallt breytt öryggisnúmeri sínu í netbanka og útibúum bankans. Bankinn áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum varðandi auðkenningu og persónubundna öryggisþætti án fyrirvara.

Viðskiptavinur ábyrgist að varðveita öryggisupplýsingar og upplýsingar um persónubundna öryggisþætti með tryggum hætti og ber ábyrgð á því að þær berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllum aðgerðum, þ.á m. fjárhagslegum færslum sem staðfestar eru með persónubundnum öryggisþáttum. Notkun persónubundinna öryggisþátta jafngildir undirskrift viðskiptavinar. Viðskiptavini ber að tilkynna Íslandsbanka án tafar ef hann hefur ástæðu til að ætla að óviðkomandi aðili hafi komist yfir upplýsingar um persónubundna öryggisþætti sína. Skal hann breyta þeim eins fljótt og við verður komið. Varðveiti viðskiptavinur persónubundna öryggisþætti sína ekki í samræmi við framangreint telst það vera stórfellt gáleysi af hans hálfu. Bankinn getur lokað á notkun rafrænna skilríkja eða leyninúmers og gert viðskiptavini að skipta út sömu þáttum ef grunur leikur á misnotkun eða villuhættu.

## 5. Umboð

Reikningseiganda er einum heimilt að taka út af innlánsreikningi sínum nema lög kveði á um annað eða ef reikningseigandi hefur gert samning sem heimilur þriðja aðila úttektir. Reikningseigandi getur veitt þriðja aðila umboð til að annast viðskipti við bankann fyrir sína hönd og skal slíkt umboð vera skriflegt og vottað af tveimur vottum, af lögmanni eða af lögþóttanda (notario publico). Í umboði skal tiltaka nákvæmlega til hvaða erinda umboðið tekur og hefur Íslandsbanki heimild til að synja viðskiptum á grundvelli umboðs reikningseiganda telji bankinn það ekki fullnægjandi. Bankinn getur hvenær sem krafist þess að sá sem óskar úttektar sanni á sér deili með fullnægjandi hætti að mati bankans. Reikningseigandi ber fulla ábyrgð á aðgerðum umboðsmanns á grundvelli umboðs og ber ábyrgð á að tilkynning um afturköllun umboðs berist bankanum. Almenn tilkynning þar að lútandi, svo sem til fyrirtækjaskrár RSK, telst ekki fullnægjandi.

## 6. Greiðslur

Greiðslur inn og út af reikningum eru framkvæmdar með þeim greiðslumiðlum sem í boði eru af hálfu bankans hverju sinni. Með greiðslumiðli er í skilmálum þessum átt við hvers kyns persónubundinn búnað og/eða verklag sem bankinn og viðskiptavinur koma sér saman um og viðskiptavinur notar til að gefa greiðslufyrirmæli, t.d. debetkort eða rafrænar/stafrænar greiðslulausnir. Um notkun greiðslumiðils gilda jafnframt skilmálar viðkomandi greiðslumiðils.

Greiðslufyrirmæli sem berast fyrir lokun útibús á bankadegi teljast móttækin á þeim bankadegi. Greiðslufyrirmæli sem berast eftir þann tíma teljast móttækin næsta bankadag þar á eftir. Greiðslufyrirmæli í netbanka sem berast fyrir miðnætti teljast móttækin á þeim bankadegi en kunna að vera framkvæmd næsta virka dag þar á eftir. Bankinn telst ekki hafa móttækið greiðslufyrirmæli fyrr en hann hefur móttækið allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma greiðsluna.

Miðað er við að greiðsla innanlands í íslenskum krónum taki að hámarki einn bankadag frá móttöku greiðslufyrirmæla. Berist greiðslufyrirmæli bréfleiddis kann framkvæmdin að taka tvo bankadaga frá móttöku. Miðað er við að greiðsla í erlendum gjaldmiðli geti tekið allt að fimm bankadaga frá móttöku greiðslufyrirmæla þar til móttökubanki leggur greiðslu inn á reikning viðtakanda. Greiðslur sem framkvæmdar eru í netbanka fyrir ákveðin tímamörk hvern virkan dag verða framkvæmdar sama dag og þær berast. Greiðslur sem framkvæmdar eru eftir þann tíma verða framkvæmdar næsta virka dag. Tímamörkin eru aðgengileg í netbanka viðskiptavinar. Greiðslufyrirmæli sem falla undir stórgreiðsluferfi eru einnig háðar reglum Seðlabanka Íslands um stórgreiðslumörk.

Bankinn getur synjað viðskiptavini um framkvæmd greiðslufyrirmæla uppfylli viðskiptavinur ekki skilyrði skilmála þessara, skilyrði sérskilmála eða reglna bankans, t.d. ef ekki er næg innstæða á reikningi viðskiptavinar eða ef lokað hefur verið fyrir útborganir af öðrum ástæðum. Synji bankinn um framkvæmd greiðslufyrirmæla verður viðskiptavini tilkynnt um það. Hafni bankinn greiðslufyrirmælum jafngildir það því að greiðslufyrirmæli hafi ekki verið móttækin. Bankanum er þrátt fyrir framangreint heimilt en ekki skylt að fresta framkvæmd greiðslufyrirmæla þar til næg innstæða er á reikningi viðskiptavinar að meðtöldum kostnaði og öðrum gjöldum. Í því sambandi er bankanum heimilt að láta reyna á skuldfærslu á reikning viðskiptavinar fyrir greiðslunni næstu fimm virka daga eftir móttöku greiðslufyrirmælanna.

Fyrirfram móttækin greiðslufyrirmæli verða framkvæmd þrátt fyrir að síðari atburðir geri það að verkum að sá sem gaf fyrirmælin hefði sjálfur ekki getað gefið þau, t.d. vegna afturköllunar á prókúru eða vegna andláts viðskiptavinar. Viðskiptavinur getur einungis afturkallað eða stöðvað greiðslufyrirmæli ef skilyrði laga um greiðsluþjónustu þar að lútandi eru uppfyllt. Fyrirfram móttækin greiðslufyrirmæli verða þó ekki framkvæmd eftir að reikningi hefur verið lokað.

Sýni viðskiptavinur fram á að fjárhæð greiðslu, sem heimiluð var af honum og viðtakandi greiðslu átti frumkvæði að, hafi ekki verið tilgreind nákvæmlega í heimildinni þegar hún var veitt og greiðsla af reikningi hans sé hærrí en hann mátti búast við skal hann tilkynna það til bankans innan átta vikna frá því að fjármunirnir voru skuldfærðir. Að þessum skilyrðum uppfylltum ber bankanum

að endurgreiða viðskiptavini greiðsluna innan tíu daga frá móttöku tilkynningar frá viðskiptavini. Að öðrum kosti synjar bankinn um endurgreiðslu. Þetta ákvæði á ekki við þegar viðskiptavinur, sem ekki er neytandi, gefur þriðja aðila munnlegt samþykki fyrir úttekt af reikningi sínum.

Viðskiptavinur á ekki rétt á endurgreiðslu þegar hann hefur veitt bankanum samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslu og, ef við á, bankinn eða viðtakandi greiðslu veitti upplýsingar um greiðslur í framtíðinni eða kom þeim á framfæri við greiðanda á umsaminn hátt að minnsta kosti fjórum vikum fyrir gjalddaga. Hafi greiðslufyrirmæli verið afturkölluð ber bankinn hvorki ábyrgð á greiðslu vaxta né annarra gjalda vegna gjaldfallinna greiðslna.

Um greiðsluþjónustu gilda takmarkanir sem kunna að felast í ákvæðum laga um gjaldeyrismál á hverjum tíma og reglum settum samkvæmt þeim lögum. Ef samið hefur verið um reglubundnar greiðslur skal hlutfallslega tekið tillit til gildistíma uppsagnar við innheimtu greiðslna eftir uppsögn samnings. Bankanum er heimilt að taka gjald fyrir greiðslur af greiðslu-reikningum. Einnig er bankanum heimilt að taka gjald vegna aðstoðar við að endurheimta fé sem greitt hefur verið fyrir mistök, t.d. vegna þess að greiðslufyrirmælum fylgdu rangar upplýsingar um móttakanda greiðslu. Um gjalddaga fer eftir verðskrá bankans á hverjum tíma.

Greiðsluþjónusta bankans býður ekki upp á greiðslur með tékkum (ávisunum). Tékkar frá öðrum bönkum eru einvörðungu teknir til innheimtu, enda fylli viðskiptavinur út sérstaka beiðni þar að lútandi.

## 7. Reikningsyfirlit

Reikningseigandi getur nálgast yfirlit yfir alla reikninga sína og færslur í netbanka og Íslandsbankaappinu. Ársyfirlit eru einvörðungu birt á rafrænu formi í netbanka og Íslandsbankaappinu. Hafi viðskiptavinur ekki aðgang að netbanka eða appi getur hann óskað eftir því að fá yfirlitið í bréfpósti. Reikningseigandi getur þess utan óskað eftir því að fá reikningsyfirlit sent í bréfpósti reglulega og skal þá greiða fyrir það samkvæmt verðskrá bankans.

Reikningseigandi skal fara yfir reikningsyfirlit sín reglulega. Hafi hann athugasemdir við færslur ber honum að senda skriflega og undirritaða athugasemd til bankans innan 30 daga frá greiðslu eða 20 daga frá birtingu reikningsyfirlits. Þegar reikningseigandi er ekki neytandi skall hann gera athugasemdir innan 30 daga frá greiðslu. Berist ekki athugasemd telst reikningsyfirlitið rétt.

Bankanum ber skylda til að endurgreiða reikningseigendum greiðslur sem bankinn hefur tekið ranglega út af reikningum þeirra. Á sama hátt hefur bankinn heimild til að draga til baka greiðslur sem hann hefur ranglega lagt inn á reikning reikningseiganda, s.s. þegar sama greiðsla er lögð inn tvisvar sinnum í röð eða þegar innsláttur á röngum upplýsingum leiðir til þess að greiðsla fer til annars og óviðkomandi móttakanda. Slíkar leiðréttingar skulu eiga sér stað jafnharðan og koma fram á reikningsyfirlitum reikningseiganda.

Mistök af hálfu viðskiptavina við millifærslur, skuldfærslur og innborgarnir á reikning þriðja aðila sem leiða til þess að greitt er inn á rangan reikning verða ekki leiðréttar af bankanum án samþykkis móttakanda greiðslunnar. Slík mistök eru á ábyrgð viðskiptavina bankans

Þegar um óheimilaða eða gallaða greiðslu er að ræða og reikningseiganda verður ekki um kennt, hann hefur ekki lagt fram rangt kennimerki viðtakanda og gallinn verður ekki rakinn til óviðráðanlegra ytri atvika eða lagaskyldna sem bankanum ber að fylgja skal bankinn endurgreiða reikningseiganda fjárhæð hinnar óheimiluðu eða gölluðu greiðslu og, ef við á, bakfæra reikning reikningseiganda til sömu stöðu og hann hefði verið í ef hin óheimilaða eða gallaða greiðsla hefði ekki átt sér stað. Gera skal kröfu um slíka leiðréttingu án tafar og eigi síðar en 13 mánuðum frá dagsetningu skuldfærslu. Hinn lengdi tímafrestur gildir þó aðeins ef reikningseigandi getur sýnt fram á að bankinn hafi ekki uppfyllt skilyrði um aðgengi hans að reikningsyfirliti. Framangreint á ekki við þegar viðskiptavinur er ekki neytandi.

## 8. Vextir

Vaxtakjör innlánsreikninga eru breytileg nema um annað sé samið og birtast fyrir hverja reikningstegund í vaxtatöflu bankans. Vaxtakjörin eru háð ákvörðun bankans hverju sinni sem tekur meðal annars mið af breytingum á fjármögnunarkostnaði (lánskjörum) bankans, rekstrarkostnaði, opinberum álögum og/eða öðrum ófyrirséðum kostnaði, stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, breytingum á vísitölu neysluverðs o.s.frv. Hafi orðið breyting á einhverjum þessara þátta þegar endurskoðun vaxta fer fram, getur það leitt til þess að vöxtum verði breytt, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Innlánsvextir ákvarðast og breytast án nokkurs fyrirvara í samræmi við vaxtaákvörðun Íslandsbanka á hverjum tíma. Breytingar á innlánsvöxtum sem einvörðungu má rekja til

breytinga á stýrivöxtum seðlabanka Íslands taka gildi þegar í stað og án fyrirvara. Vaxtabreytingar sem byggja á breytingum á öðrum viðmiðunarvöxtum viðkomandi innlánsvaxta taka einnig gildi þegar í stað og án viðvörunar. Sama gildir ef breytingar byggjast á viðmiðunargengi. Bankinn veitir viðskiptavinum upplýsingar um slíkar vaxtabreytingar árlega með reikningsyfirliti.

Í þeim tilvikum þegar reikningseigandi er ekki neytandi í skilningi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 eða laga um neytendalán nr. 33/2013 með síðari breytingum gilda ekki fyrrgreind ákvæði um vaxtabreytingar og geta vextir í þeim tilvikum breyst án fyrirvara í samræmi við ákvörðun Íslandsbanka um vexti hverju sinni.

Breytingar á vaxtakjörum greiðslureikninga sem falla undir lög um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 taka breytingum með tveggja mánaða fyrirvara í samræmi við 42. gr. tilgreindra laga nema breyting byggist á breytingu á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi og/eða er til hagsbóta fyrir viðskiptavini þá tekur hún gildi án nokkurs fyrirvara.

Hafi reikningseigandi samið um sérstök vaxtakjör, ganga þeir samningsskilmálar framur almennum breytingum á vaxtatöflu bankans og taka breytingum í samræmi við ákvæði þess samnings, þegar við á. Ef ekki er vísað til umsaminna vaxta í vaxtatöflu, skulu þeir allt að einu fylgja almennum breytingum innlánsvaxta sem tilkynntar eru af hálfu bankans og skráðar eru í vaxtatöflu eða vöxtum þeirra reikninga sem sambærilegir geta talist, enda stafi breytingarnar af þeim þáttum sem raktir eru hér að framan. Við vaxtaútreikning er miðað við 30 vaxtadaga í mánuði og 360 vaxtadaga í ári nema um annað sé sérstaklega samið.

Innborgun á greiðslureikning í skilningi laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 ber vexti frá og með þeim tíma þegar fjármunir eru eignfærðir á reikning. Dagurinn fyrir skuldfærslu á greiðslureikning er síðasti vaxtadagur útborgunar. Sérstakar reglur geta gilt um vaxtaútreikning á öðrum reikningum sem og vegna innborgana og útborgana sem framkvæmdar eru um helgar og á lögbundnum frídögum hvort sem er í netbanka, í þjónustuveri eða í útibúum bankans.

Eðli og tegund reikninga ráða því hvenær vextir leggjast við höfuðstól. Verðbætur leggjast við höfuðstól í lok hvers mánaðar nema um annað sé sérstaklega samið. Vextir og verðbætur koma fram á reikningsyfirliti sem viðskiptavinur fær sent einu sinni á ári. Fjármagnstekjuskattur er skuldfærður af vaxtatekjum og verðbótum. Upplýsingar um innlánsvexti og gengi má nálgast á vef bankans [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is), í tilkynningum bankans um almennar vaxtabreytingar, í þjónustuveri og útibúum bankans.

## 9. Verðskrá (gjaldtaka bankans)

Reikningseigandi skal greiða gjöld fyrir þjónustu bankans sem og annan kostnað samkvæmt verðskrá bankans hverju sinni. Þegar kveðið er á um gjaldtöku í öðrum skilmálum eða samningum sem bankinn gerir við viðskiptavini sína skulu þeir skilmálar gilda framur verðskrá bankans ef ósamræmi er þar á milli. Bankanum er heimilt að skuldfæra gjöld og kostnað af reikningi viðskiptavinar hjá bankanum og skulu slíkar skuldfærslur koma fram á reikningsyfirliti skuldfærslureiknings.

Íslandsbanki hefur heimild til að breyta verðskrá sinni án nokkurs fyrirvara. Varði breytingarnar nýja þjónustuþætti sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 ber bankanum að tilkynna um þær með tveggja mánaða fyrirvara. Breytingar eru birtar í verðskrá bankans á heimasíðu hans, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is). Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir við breytingar á verðskrá fyrir gildistöku þeirra telst hann hafa samþykkt þær.

Viðskipti í erlendum myntum fara eftir gengistöflu bankans eins og hún er hverju sinni. Gengistöflu má finna á heimasíðu bankans, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is). Eðli viðskipta ræður því á hvaða gengi viðskipti eru framkvæmd. Myndist gengismunur vegna viðskipta bera viðskiptavinir áhættuna af því, nema samið hafi verið um annað.

Upplýsingar um verðskrá má nálgast á vef bankans [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is), í þjónustuveri og útibúum bankans.

## 10. Binditími

Innlánsreikningar geta bæði verið verðtryggðir miðað við vísitölu neysluverðs eða óverðtryggðir. Upplýsingar um binditíma ákveðinna reikninga er að finna á vef bankans [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is). Verðtrygging innlánsreikninga er þó ávallt háð þriggja ára binditíma.

Um verðtryggingu sparifjár gilda reglur Seðlabanka Íslands nr. 877/2018 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, eins og þær eru á hverjum tíma.

### 11. Innlánsreikningar einstaklinga undir 18 ára aldri

Þeir sem eru ófjárráða fyrir æsku sakir geta stofnað innlánsreikning með samþykki lögráðamanns. Viðskiptavinir sem eru 12 ára og eldri hafa þó heimild til að stofna innlánsreikning fyrir sjálfsafla- og/eða gjafafé, hafa umráð yfir reikningnum, fá útgefið debetkort á reikninginn og fá aðgang að netbanka, án samþykkis lögráðamanns. Lögráðamenn barns sem hefur náð 9 ára aldri geta einnig sótt um debetkort vegna innlánsreiknings á nafni barnsins. Innlánsreikningur með fjármunum ófjárráða einstaklings skal ávallt skráður á nafn hins ófjárráða.

Hinn ófjárráða reikningseigandi hefur einn úttektarheimild þegar um er að ræða sjálfsafla- og/eða gjafafé gefið án skilyrða um úttektarheimild. Lögráðamenn hafa þannig almennt ekki heimild til úttekta af slíkum reikningi og skal hún aðeins veitt með samþykki barnsins eða samkvæmt fyrirætlum yfirlögráðanda. Lögráðamönnum er þó heimilt að hafa skoðunaraðgang að reikningum hins ólögráða í netbanka. Úttektir lögráðamanna af reikningum ófjárráða eru háðar samþykki beggja lögráðamanna, séu þeir tveir, nema hvor lögráðamaður fyrir sig hafi veitt hinum umboð til að fara einn með allar þær heimildir sem fylgja reikningum, þ.m.t. heimildir til úttekta af reikningi viðskiptavinar. Hinn ófjárráða reikningseigandi og lögráðamenn hans hafa heimild til að fá upplýsingar um reikninga skráða á nafn hins ófjárráða, þ.m.t. innstæðu og reikningsyfirlit, hvort sem um sjálfsafla-, gjafafé eða annað fé sé að ræða. Nauðsynlegt er að tilkynna bankanum um allar breytingar á forsjá barns eða breytingar á skipan lögráðamanns.

Þegar reikningseigandi verður fjárráða við 18 ára aldur ræður hann einn yfir fjármunum sínum. Úttektarheimildir lögráðamanna falla niður samtímis. Um meðferð á fjármunum ófjárráða viðskiptavina og heimildir ófjárráða gilda, auka skilmála þessara, lögræðislög auk annarra reglna bankans sem kunna að kveða á um önnur skilyrði en koma fram í skilmálum þessum.

### 12. Yfirdráttarheimild

Reikningseigandi skal fylgjast grannt með stöðu innlánsreiknings og er óheimilt að draga á reikninginn fjárhæð sem er umfram innstæðu eða yfirdráttarheimild. Reikningseigandi getur hins vegar óskað eftir því að bankinn veiti yfirdráttarheimild á innlánsreikning sinn. Reikningseigandi skal jafnframt staðfesta almenna skilmála yfirdráttarlána Íslandsbanka með skriflegri umsókn um yfirdráttarheimild. Með yfirdráttarheimild eða yfirdráttarláni er átt við samþykki bankans við því að taka megi tiltekna fjárhæð tímabundið út af reikningi umfram innstæðu. Hægt er að óska eftir yfirdrætti í útibúum bankans, símleiðis í gegnum þjónustuver eða með rafrænum hætti. Hið sama gildir um uppgreiðslu, hækkun, lækkun og framlengingu yfirdráttarheimildar. Ef lánveiting með yfirdrætti á sér stað samkvæmt sérstökum samningi við bankann gilda ákvæði hans framar skilmálum þessum eins og við getur átt. Ófjárráða einstaklingar geta ekki fengið yfirdráttarheimild hjá bankanum.

Veiting yfirdráttarheimildar er háð því skilyrði að bankinn samþykki umsókn reikningseiganda og hann uppfylli lánshæfisskilyrði bankans. Yfirdráttarheimildar er að hámarki veitt til eins árs í senn.

Reikningseiganda er hvenær sem er heimilt að greiða upp yfirdráttarheimild nema samið hafi verið um annað. Skilmálar yfirdráttarheimildar falla ekki niður við uppgreiðslu heimildarinnar og halda gildi sínu án sérstakrar endurnýjunar ef yfirdráttarheimild er hækkuð, lækkuð, veitt á ný eða framlengd, hvort heldur sem sem er á þeim reikning sem umsókn um yfirdráttarheimild tekur til eða öðrum innlánsreikningum viðskiptavinar.

Yfirdráttarheimild getur reikningseigandi ráðstafað að vild í öllum lögmætum tilgangi nema samið hafi verið um tiltekna notkun lánsfjárins. Reikningseigandi skuldbindur sig til að endurgreiða bankanum nýtt yfirdráttarheimild innan þess gildistíma sem samið er um. Þegar gildistími yfirdráttarheimildar rennur út án þess að yfirdráttarlán sé greitt upp um leið, telst vera um óheimilan yfirdrátt að ræða. Sama gildir ef dregið á á reikning umfram heimild. Vaxtakjör yfirdráttarheimilda eru breytileg og eru birt í vaxtatöflu á vef bankans [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is).

### 13. Debetkort

Debetreikningar teljast til innlánsreikninga og um notkun debetkorta sem gefin eru út vegna slíkra reikninga gilda skilmálar Íslandsbanka um debetkort sem birtir eru á vef bankans [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is).

### 14. Skuldajöfnuður

Íslandsbanki áskilur sér rétt til þess að skuldajafna innstæðu á innlánsreikningi við kröfur sem bankinn kann að eiga á hendur reikningseiganda, nema lög mæli fyrir um annað. Skilyrði skuldajafnaðar eru þau að kröfurnar séu sambærilegar, hæfar til að mætast, gildar, skýrar og ótvíræðar. Séu greiðslur ekki í sama gjaldmiðli hefur bankinn heimild til að umreikna greiðslur í íslenskar

krónur eða annan gjaldmiðil sem samið er um áður en til skuldajafnaðar kemur. Lýsi bankinn yfir skuldajöfnuði verður reikningseiganda tilkynnt um það með sannanlegum hætti.

### 15. Uppsögn og lokun innlánsreikninga

Reikningseiganda er hvenær sem heimilt að leggja fram beiðni um lokun innlánsreiknings síns og skal hún send með sannanlegum hætti. Bundnum innlánsreikningum er þó ekki hægt að segja upp fyrr en að binditíminn er liðinn.

Íslandsbanka er heimilt að segja upp samningi um innlánsreikning með tveggja mánaða fyrirvara og skal slík uppsögn send með sannanlegum hætti eins fljótt og við verður komið. Ef uppsögn má rekja til atvika sem valda verulegri fjártjóns- eða orðsporsáhættu fyrir bankann eða grunur vakni um að fjármunir á reikningi séu ágóði af ólögum háttsemi og/eða tengist fjármögnun hryðjuverka er bankanum heimilt að loka reikningi fyrirvaralaust. Bankinn áskilur sér einnig rétt til þess að læsa eða loka reikningi án fyrirvara verði reikningseigandi uppvís að brotum gegn skilmálum þessum eða öðrum skilmálum bankans sem reikningseigandi hefur samþykkt að fylgja.

Við lokun innlánsreiknings er bankanum heimilt að skuldfæra ógreidd gjöld viðskiptavinar fyrir lokun hans.

### 16. Fjarsala á innlánsreikningum

Um fjarsölusamninga er fjallað í lögum um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33/2005. Um er að ræða fjarsölusamning sé samningurinn liður í skiplegri fjarsölu þjónustuveitanda og eingöngu sé notuð fjarskiptaaðferð fram að og við stofnun samningsins.

Viðskiptavinur hefur rétt til að falla frá fjarsölusamningi, án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til bankans innan 14 daga frá þeim degi sem samningur er gerður eða frá þeim degi þegar reikningseiganda berast upplýsingar um samningsskilmála ef þeir berast eftir að samningur er gerður. Ef reikningseigandi nýtir rétt sinn til að falla frá samningi skal hann innan frestsins og með sannanlegum hætti tilkynna bankanum um það. Nýti reikningseigandi sér rétt sinn til að falla frá samningi er bankanum heimilt að krefjast greiðslu fyrir þá þjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi samkvæmt verðskrá og vaxtatöflu bankans, enda hafi hún verið innt af hendi að ósk reikningseiganda áður en ofangreindur frestur var liðinn. Reikningseiganda er þó ekki heimilt að falla frá fjarsölusamningi sé um verðtryggðan innlánsreikning að ræða.

### 17. Úrlausn ágreiningsmála

Um úrlausn ágreiningsmála vísast til Almennra viðskiptaskilmála Íslandsbanka hf.